



Brunahönnun og áhættumat í veggöngum.

Í grein 4. í reglugerð nr. 614/2004 um brunavarnir í samgöngumannvirkjum segir:

4. gr.

Brunahönnun og áhættumat.

Hanna skal brunavarnir og meta áhættu fyrir öll samgöngumannvirki sem tekin eru í notkun eftir gildistöku reglugerðar þessarar. Brunahönnun og áhættumat skulu gerð í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út og samþykkt af byggingaryfirvöldum í viðkomandi sveitarfélagi að fengnu áliti slökkviliðsstjóra áður en samgöngumannvirkið er tekið í notkun. Brunahönnun skal m.a. fela í sér gerð viðbragðsáætlunar fyrir samgöngumannvirkið, sbr. 5. gr.

Brunahönnun samgöngumannvirkis sem er þannig staðsett að það tengir tvö sveitarfélög eða fleiri skal samþykkt af byggingaryfirvöldum í þeim öllum.

Slökkviliðsstjóri skal gera úttekt á brunavörnum samgöngumannvirkis sem tekið hefur verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til. Sé brunavörnum slíks mannvirkis í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Ef verulegar breytingar eru gerðar á samgöngumannvirki sem tekið var í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skal hanna brunavarnir og meta áhættu í mannvirkinu í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Endurskoða skal brunahönnun og áhættumat samgöngumannvirkis á fimm ára fresti eða ef verulegar breytingar verða á forsendum brunahönnunar.

1 Inngangur

Eftirfarandi leiðbeiningar gilda fyrir brunahönnun og áhættumat í jarðgöngum sbr. 4. gr. í reglugerð nr. 614/2004 um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Sjá einnig 39. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir.

2 Hönnun brunavarna

Brunavarnir í veggöngum sbr. 4. gr. skulu hannaðar í samræmi við tæknilegar leiðbeiningar í Vegtunneler, Håndbok Håndbok N500 og Håndbok V520 Tunnelveiledning, frá norsku vegagerðinni. (Gildir frá nóvember 2016). Alltaf skal miða við nýjustu útgáfu leiðbeininganna.

3 Gerð áhættumats

Áhættumat fyrir veggöng má t.d. vinna eftir norska staðlinum *NS 3901 Risikovurdering av brann i byggverk*.

Haft skal samráð við Mannvirkjastofnun sé ósk um notkun annarra staðla eða aðferða um gerð áhættumats.



4 Gerð viðbragðsáætlana

Viðbragðsáætlun sbr. 5. gr. reglugerðarinnar er fyrst og fremst samkomulag milli eiganda samgöngumannvirkis og viðbragðsaðila um ábyrgð, hlutverk og viðbragð þeirra við óhappi í mannvirkinu.

Í viðbragðsáætlun skal gera grein fyrir því hvernig brugðist er við óhappi í samgöngumannvirki út frá þeim forsendum sem liggja til grundvallar við brunahönnun og áhættumat, sbr. 4. gr., svo sem aðkomu viðbragðsaðila, hlutverki eiganda, viðbrögðum starfsmanna hans við óhöppum, fyrirkomulagi fjarskiptamála og aðstöðu til björgunar.

Í viðbragðsáætlun skal koma skýrt fram hvernig fyrirmæli í áætluninni eru æfð og tíðni æfinga.

5 Viðhaldsáætlanir

Viðhald alls öryggisbúnaðar í veggöngunum og æfingar starfsmanna skal skilgreint í viðhaldsáætlun. Í áætluninni skal skýra tíðni skoðana og ætlaðan lífitíma búnaðar, þjálfun nýrra starfsmanna og æfingar starfsmanna.

Viðhald alls búnaður skal vera í höndum viðurkenndra fagaðila.

6 Tilvísanir

- Risikovurderinge av brann i byggverk. Norsk Standard NS 3901 (núgildandi útgáfa er frá 2012)
- Vegtunneler, Håndbok N500, Statens vegvesen, Noregi.
- Vegtunneler, Håndbok V520 Tunnelveiledning, Statens vegvesen, Noregi.
- Veiledning og brannsikkerhed i vegtunneler, DBE, mai 1999
- Reglugerð nr. 992/2007 um öryggiskröfur fyrir jarðgöng.

Leiðbeiningar þessar eru samhljóða eldri leiðbeiningum Brunamálastofnunar, nú Mannvirkjastofnunar, en hafa verið samræmdar í uppsetningu og númeringu öðrum leiðbeiningum stofnunarinnar. Ný tilvísun er til reglugerðar um öryggiskröfur fyrir jarðgöng og heiti/númer norskra staðla og handbóka breytt.